

Snjóruðningurinn kostar sitt:

200.000 króna dagur

sagði gatnamálastjórinn í Reykjavík

Ég gæti trúað að snjóruðningurinn í gær hafi kostað eitthvað um 200 þúsund krónur, helmingi meira en á venjulegum snjódegi, sagði Ingi Ú. Magnússon, gatnamálastjóri í Reykjavík.



Þetta er langversti dagurinn, enda skóf óvenju mikið. Þetta

hefur verið erfið tíð lengi, sagði Ingi, og þó þíðukaflar hafi komið á milli þá hefur snjóruðningurinn smám saman hlaðist upp. Snjóruðningstæki komust ekki að fyrir en upp úr hádeginu enda voru bílar stöpp um allan bæ, bæði vegna þess að þeir voru illa búnir og svo vegna blindunnar. Um þrjú leytið höfðum við náð nokkrum tókum á þessu og hreinsun á aðalgötum var lokið og eftir það var farið að hreinsa í

íbúðagötum.

Reykjavíkurborg nýtir öll sín tæki í slíkum hrunum og leigir auk þess öll tæki sem hún nær í. Giskaði Ingi á að í gær hefðu um 20 tæki verið í gangi en sagði að borgin ætti nú erfiðara með að ná í leigutæki en áður þar sem verslunareigendur væru búnir að tryggja sér þau með föstum samningum ef eitthvað snjóaði að gagni.

— ÁI



Það var ekki sjólagið heldur veður í landi sem varð til þess að Herjólfur sneri við í gærmorgun. Ljósmynd — eik.

Herjólfur sneri við í gær:

Farþegar hefðu orðið innlyksta í Þorlákshöfn

sagði framkvæmdastjórinn

Herjólfur sneri við í gærmorgun þegar hann var nær hálfnaður til Þorlákshafnar, — ekki vegna sjógangs eða veðurs á sjó heldur uppi á landi.

Með Herjólfri voru milli 70 og 80


farþegar og sagði Ólafur Runólfsson framkvæmdastjóri útgerðarinnar, að um niuleytið hefði verið ljóst að farþegar hefðu orðið innlyksta í Þorlákshöfn ef lengra hefði verið haldið. Þá hefðu engir komist að skipinu annars staðar frá. Við vorum búnir að hafa samband við

lögreglu og vegaeftirlit í landi, sagði Ólafur, og niðurstaðan varð sú að við hefðum lítið upp á land að sækja í þessu veðri.

Siglingin milli Eyja og Þorlákshafnar tekur venjulega um hálfán fjórða tíma og fer Herjólfur daglega frá Eyjum kl. 7.30. Ólafur sagði að þessi farþegafjöldi, 70-80 manns væri ósköp venjulegur á virkum degi.

— ÁI

Ungir listamenn á Kjarvalsstöðum



Dagana 5. - 20. febrúar n.k. verður efnt til sýningar að Kjarvalsstöðum á verkum ungra myndlistarmanna.

Sýningin er haldin á vegum stjórnar Kjarvalsstaða og er þátttaka miðuð við listamenn 30 ára og

yngrri. Sérstök dómnefnd fjallar um innsend verk, og verður tekið á móti verkunum á mánudaginn kemur, 10. janúar frá kl. 10 - 18.

Greidd verða daglegugjöld fyrir þau verk sem valin verða á sýninguna. Þá verður og veittur ferða-

styrkur, og velur dómnefnd úr hópi þátttakenda þann sem styrkinn hlýtur.

Stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur leggur til:

Úrsögn úr Verðlagsráði sjávarútvegsins

Í samþykkt sem stjórn og trúnaðarmannaráð Sjómannafélags Reykjavíkur hafa gert í tilefni af fiskverðsákvörðun á gamlaársdag segir:

Fundurinn telur að í ljósi síðustu og ljótustu misbeitingar ríkistjórnarinnar í skjóli úreltra lagaákvæða, sé óverjandi fyrir samtök sjómanna að eiga lengur aðild að Verðlagsráði sjávarútvegsins, né

að þau ein allra launþegasamtaka séu skyld að taka mið af reikningslegum rekstrarkostnaði útgerðar og fiskvinnslu.

Fundurinn skorar á stjórn Sjómannasambands Íslands og væntanlega formannaráðstefnu að beita öllum tiltækum ráðum svo náð verði algerri samstöðu sjómannasamtakanna um þessa afstöðu.

Útboð í milliveggi fyrir Rafmagnsveituna:

Vildu útiloka innlenda smíð

Borgarráð hafnaði nýlega eftir langar umræður ósk stjórnar veitustofnana um útboð á milli-veggjum í hina nýju bækistöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Suðurlandsbraut. Astæðan er sú að með útboðinu hefði öll innlend framleiðsla verið útilokuð. Verður stjórn veitustofnana nú að láta gera nýtt útboð sem miðast við að milli-veggirnir séu framleiðanlegir hér á landi.

Það var 5. nóvember s.l. að fjórir fulltrúar í stjórn veitustofnana

samþykktu útboðslýsingu sem miðaði að létum, auðferanlegum veggjum, glerjuðum niður að hurðarhæð með hljóðdeyfi sem nemur 45 desibílum. Í stjórn Innkaupastofnunar Reykjavíkur var upplýst, þegar útboðslýsingin kom þar fram, að engir innlendir veggir uppfylltu þessi skilyrði, og samþykkti stjórn Innkaupastofnunar að vísa málinu til borgarráðs. Sigurjón Pétursson sagði í gær að eftir allangar umræður hefði borgarráð einróma hafnað því að útiloka innlenda hönnun við þessar innréttingar og því hefði ósk stjórnar veitustofnana verið hafnað. —ÁI.

Nýr formaður Umferðarráðs

Dómsmálaráðherra hefur skipað Valgarð Briem hæstaréttarlögmann formann Umferðarráðs frá 1. janúar nk. að telja út núverandi skipunartímabil ráðsins, þ.e.

til 1. mars 1984. Jafnframt hefur dómsmálaráðherra veitt Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra að eigin ósk lausn frá starfi formanns Umferðarráðs frá sama tíma.

Bæklingur um kerfið í Köben

Ráðgjafahópur íslensku félagsanna í Kaupmannahöfn sem rekið hefur tvö síðastliðin sumur félagsráðgjafafjónustu í Jónshúsi, hefur nýlega sent frá sér bækling sem inniheldur gagnlegar upplýsingar um Kaupmannahöfn og kerfið.

Höfundar eru þau Guðrún Ögmundsdóttir, félagsráðgjafanemi, Holger Torp, sálfræðingur, Már Magnússon sálfræðingur og Sigurður Sigurðardóttir og Yngvi Sveinsson félagsráðgjafar.

Markmið ráðgjafafjónustunnar og bæklingins er að gefa sem best svör við þeim spurningum sem upp

koma þegar dvalið er í Danmörku. Í bæklingnum er fjallað um skatta- og atvinnumál, atvinnuleysisbætur, barnabætur, ellilífeyri, sjúkradagpeninga, lækniþjónustu, lögfræðiaðstoð, húsnæðismál, húsaleiguuppbot, dagheimilismál, dönskunám og starfseminna í Jónshúsi, og ýmislegt fleira.

Bæklinginn er hægt að nálgast í Jónshúsi í Kaupmannahöfn auk þess sem hann mun liggja frammi hérlandis á skrifstofu ASÍ, Félagsstofnun stúdenta, Félagsmálastofnun og Norræna húsinu.

—lg.